



## Mikil fjölgun gistinátta á Austurlandi

Gistinætur á hótélum námu rúmum 818 þúsund í október og fjölgaði þeim um 2,7% frá sama mánuði í fyrra. Gistinóttum Íslendinga fjölgaði um 5,2% og gistinóttum erlendra ferðamanna fjölgaði um 2,7%. Þetta er mesta fjölgun gistinátta erlendra ferðamanna á þessu ári en áður hafði fjölgunin verið næstmest í ágúst, 1,8%. Á fyrstu 6 mánuðum ársins mældist samfelld fækkun erlendra ferðamanna borið saman við sama tímabil árið áður. Í þremur af síðustu fjórum mánuðum hefur gistinóttum erlendra ferðamanna farið fjölgandi á ný.


### Gistináttum Íslendinga fjölgar á ný

Veruleg breyting hefur orðið á fjölda gistinátta Íslendinga á síðustu mánuðum. Október var þriðji mánuðurinn í röð sem gistinóttum fjölgar milli ára en alla fyrstu 7 mánuði ársins mældist fækkun milli ára. Fækkunin lá á bilinu 8-20%. Það skiptir íslensk hótél töluverðu máli að gistinóttum Íslendinga sé byrjað að fjölga á ný en gistinætur Íslendinga eru um 1 af hverjum 10 gistinóttum á hótélum hér á landi. Ástæðan fyrir þessari fjölgun gistinátta Íslendinga er líklega aukinn áhugi á ferðalögum innanlands á kostnað ferðalaga erlendis en brottförum Íslendinga til útlanda fækkaði um 10,9-14% á tímabilinu ágúst-september.


### Langmesta aukning gistinátta á Austurlandi

Sé litið til fyrstu 10 mánaða ársins sést að gistináttum hefur fjölgað langmest á Austurlandi, eða um 14% milli ára. Á Norðurlandi fjölgaði gistinóttum um 5,6% og um 2,8% á Suðurnesjum. Mest fækkaði gistináttum á höfuðborgarsvæðinu, eða um 4%, en á Vesturlandi og Vestfjörðum fækkaði þeim um 2%. Erlendum ferðamönnum hefur fækkað verulega á þessu ári og skýrir það fækkun gistinátta á hótélum.

Fjölgun gistinátta á Austurlandi hefur einungis komið til vegna erlendra ferðamanna en gistinóttum Íslendinga fækkaði frá fyrra ári. Alls fjölgaði gistinóttum erlendra ferðamanna um 16,5% á fyrstu 10 mánuðum ársins en gistinóttum Íslendinga




Breyting frá sama mánuði í fyrra



Breyting frá sama mánuði árið áður

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands

### Fjölgun gistinátta eftir svæðum



Sýnir fjölgun frá sama tímabili í fyrra. Fyrstu 10 mánuðir hvors árs

Heimild: Hagstofa Íslands




fækkaði um 1,4%. Sagan er svipuð á Norðurlandi, Suðurnesjum og Suðurlandi, þ.e.a.s. að fjölgun gistinátta á þessum svæðum skýrist af fjölgun gistinátta erlendra ferðamanna á meðan gistinóttum Íslendinga fækkar. Vesturland og Vestfirðir skera sig nokkuð frá öðrum svæðum með fjölgun gistinátta Íslendinga en fækkun gistinátta erlendra ferðamanna. Á höfuðborgarsvæðinu hefur mælst fækkun bæði gistinátta erlendra ferðamanna og Íslendinga.

### **Austurland er eina svæðið sem hefur bætt herbergjanýtingu sína milli ára**


Fjölgun gistinátta á Austurlandi hefur fylgt bætt herbergjanýting. Herbergjanýting á Austurlandi var að meðaltali 47,3% á fyrstu 10 mánuðum ársins borið saman við 42,7% að meðaltali á sama tímabili í fyrra. Austurland er eina svæðið á landinu þar sem nýtingin hefur batnað milli ára. Herbergjanýting dróst minnst saman á Norðurlandi en þar var nýtingin 49,7% á þessu ári borið saman við 50,6% nýtingu á sama tímabili í fyrra. Mesti samdrátturinn í herbergjanýtingu var á Suðurnesjum en þar fór hún úr 76,4% að meðaltali í fyrra niður í 68,6% á ár. Þrátt fyrir þennan samdrátt var herbergjanýting á Suðurnesjum á fyrstu 10 mánuðum ársins betri en alls staðar annars staðar á landinu fyrir utan höfuðborgarsvæðið, þar sem hún var 75,3%.

### **Fjölgun gistinátta eftir svæðum**



Sýnir fjölgun frá sama tímabili í fyrra. Fyrstu 10 mánuðir hvors árs  
Heimild: Hagstofa Íslands

### **Herbergjanýting á hótélum**



Meðaltal fyrstu 10 mánuði hvors árs  
Heimild: Hagstofa Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélag hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.